

## REGLUGERÐ

### um (19.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2018, frá 5. desember 2018, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1973 frá 30. október 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit með lagarafurðum sem eru veiddar af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis og fluttar inn í Sambandið, eftir að hafa verið fluttar til í þriðju löndum, og um að koma á fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir þessar afurðir. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85, frá 20. desember 2018, bls. 55.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1980 frá 31. október 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar aðferð til að greina lamandi skelfiskeitur. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85, frá 20. desember 2018, bls. 61.

#### 2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. febrúar 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Iðunn Guðjónsdóttir.*